



Vinnumarkaður – botninum væntanlega náð og meiri styrkur framundan

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands er áætlað að um 202.900 manns hafi verið á vinnumarkaði í mars 2020, sem jafngildir 77% atvinnuþátttöku. Af fólki á vinnumarkaði voru um 186.200 starfandi og um 16.700 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 8,2% af vinnuaflinu. Starfandi fólki fækkaði um 3.600 milli ára og atvinnulausum fjölgaði um 11.200. Hlutfall starfandi var 70,8% í mars og hafði minnkað um 2,6% prósentustig frá mars 2020.

Atvinnuþátttaka nokkuð stöðug síðustu mánuði



Í apríl 2020 fór atvinnuþátttaka niður í 73,4% og hafði ekki verið lægri a.m.k. frá árinu 2003, þegar vinnumarkaðskönnunin hófst. Atvinnuþátttaka hefur sveiflast nokkuð síðan, í samræmi við stöðu sóttvarna á hverjum tíma, og mældist 77% nú í mars, sem er 1,4 prósentustigum hærra en í mars 2020.

Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 77,4% og hefur atvinnuþátttaka verið nokkuð stöðug í kringum það gildi síðustu 6 mánuði.

Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 8,2% í mars og hafði aukist um 5,4 prósentustig frá mars 2020. Almennt atvinnuleysi skráð hjá Vinnumálastofnun var hins vegar 11% í mars og hafði einnig aukist um 5,4 prósentustig frá mars 2020. Því til viðbótar var atvinnuleysi vegna hlutabóta mælt sem 1,1% í mars og samanlagt atvinnuleysi því 12,1%. Vinnumarkaðskönnunin mælir því áfram töluvert minna atvinnuleysi en Vinnumálastofnun og einnig mun meiri sveiflur milli mánaða.

Eins og oft hefur komið fram í Hagsjám eru skilgreiningar Hagstofu og Vinnumálastofnunar á atvinnuleysi mismunandi. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun höfðu alls um 37.600





einstaklingar óuppfyllta þörf fyrir atvinnu í mars 2021. Sá fjöldi jafngildir 17,4% af vinnuafli og mögulegu vinnuafli. Af þessum hópi voru 44,3% atvinnulausir, 17,9% tilbúnir að vinna en ekki að leita að vinnu. 16,2% voru í vinnuleit en ekki tilbúnir að vinna og 21,6% voru starfandi en samtímis vinnulitlir og vildu vinna meira. Þessi tala Hagstofunnar um 17,4% óuppfyllta þörf fyrir atvinnu er töluvert hærri en mæling Vinnumálastofnunar á heildaratvinnuleysi í febrúar, sem var 12,1%. Samkvæmt þröngri skilgreiningu Hagstofunnar á atvinnuleysi var það hins vegar talið vera 8,2% í febrúar.

Vinnuafslnotkun dróst mikið saman á árinu 2020

Starfandi fólki á fyrsta ársfjórðungi 2021 fækkaði um 12,4% frá 1. ársfjórðungi 2020. Á sama tímabili styttest vinnutími um 1,1% þannig að heildarvinnustundum fækkaði um 3,6% milli ára. Heildarvinnustundum hefur nú fækkað 7 ársfjórðunga í röð, eða allt frá 2. ársfjórðungi 2019, sem var ári áður en kórónukreppan skall á.


Rétt er að taka fram að ákvæði í kjarasamningum opinberra starfsmanna um styttingu vinnutíma, sem tóku gildi um síðustu áramót, hafa haft áhrif á mælingu vikulegra vinnustunda í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Mældur vinnutími hefur því dregist saman vegna þessara breytinga.

Mikil áhrif á vinnumarkaðinn

Nú er liðið eitt ár síðan kórónuveirufaraldurinn fór að hafa veruleg áhrif á íslenskan vinnumarkað. Það á sérstaklega við um atvinnuleysið, en aðrar stærðir, eins og atvinnuþátttaka og vinnuafslnotkun, hafa einnig þróast í neikvæða átt á þessum tíma.


Eins og sjá má á tölunum um vinnuafslnotkun fór að bera á neikvæðum áhrifum á íslenskan vinnumarkað u.þ.b. ári áður en kórónukreppan skall á. Ýmislegt bendir þó til þess að botninum sé náð, að hjartara sé framundan og að vinnumarkaðurinn fari að styrkjast aftur. Þar mun viðleitni stjórnvalda til að fjölga störfum, m.a. með ráðningarstyrkjum, skipta máli, en einnig árangur í bólusetningu og auknir möguleikar á opnun landsins og vaxandi komur ferðamanna.

Mánaðarlegar mælingar á atvinnuleysi - án hlutabóta




Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild Landsb.

ÓUPPFYLLT ÞÖRF FYRIR ATVINNU - MARS 2021



Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinna og vinnutími, ársfjórðungar



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.